

## Sælingsdalslaug ágúst 2015

Opnunartímar Sælingsdalslaugar og breytingar þar á eru auglýstar á vef Dalabyggðar (dalir.is) og Ungmenna- og tómstundabúðanna (ungmennabudir.is).

Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
10. ágúst 14-19	11. ágúst 14-19	12. ágúst 14-19:30	13. ágúst 14-19	14. ágúst 14-19	15. ágúst 12-18	16. ágúst 12-18
17. ágúst 14-19	18. ágúst 14-19	19. ágúst 14-19:30	20. ágúst 14-19	21. ágúst 14-19	22. ágúst 12-18	23. ágúst 12-18

### Starfsleyfi fyrir urðunarstað Dalabyggðar

Umhverfisstofnun hefur unnið tillögu að starfsleyfi fyrir urðunarstað Dalabyggðar við Laxárdalsveg, Dalabyggð.

Samkvæmt tillögunni verður heimilt að taka á mótí og urða allt að 500 tonn af óvirkum úrgangi á ári. Samkvæmt starfsleyfistillögunni verður gildistími starfsleyfis til næstu 12 ára.

Tillagan, ásamt starfsleyfisumsókn og fylgigögnum, mun liggja frammi til kynningar í afgreiðslu stjórnsýsluhúss Dalabyggðar, Miðbraut 11, Búðardal, til 3. september 2015. Starfsleyfistillögu og önnur gögn má einnig nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar, [www.ust.is](http://www.ust.is).

Öllum er frjálst að gera athugasemdir við starfsleyfistillöguna en þær skulu vera skriflegar, undirritaðar með nafni og heimilisfangi og sendar Umhverfisstofnun. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 3. september 2015.

### Byggðasafn Dalamanna - sögustundir

Næstu þrjú sunnudaga kl. 16 verða endurteknar þrjár sögustundir frá því í vetur á Byggðasafni Dalamanna. Aðgangseyrir er 1.000 kr og hægt að koma fyrr og skoða safnið í leiðinni. Ókeypis er fyrir þá sem komu í vetur og eru að mæta í annað sinn á viðkomandi sögustund.

*Sýslu-Helga* verður sunnudaginn 16. ágúst kl. 16.

*Kínaferð Árna frá Geitastekk* verður sunnudaginn 23. ágúst kl. 16.

*Saura-Gísli* verður sunnudaginn 30. ágúst kl. 16.



# DALAPÓSTURINN

9. tölublað, 8. árgangur  
13. ágúst 2015

### Fundur um ljósleiðaramál

Boðað er til opins fundar um ljósleiðaramál í Árbliki þriðjudaginn 25. ágúst og hefst kl. 20.

Fyrir liggur að Orkufjarskipti hf munu leggja ljósleiðara um Skógarströnd nú í haust og líkur eru á að í framhaldi verði lagður ljósleiðari milli Hörðudals og Glerárskóga. Dalabyggð ásamt Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi hafa fundað með Orkufjarskiptum um hvernig fyrirhuguð lagning þessa ljósleiðara gagnist íbúum svæðisins sem fyrst og sem best. Þá er vonast eftir að hafið verði landsátak í ljósleiðaravæðinu landsins á allra næstu misserum.

Á fundinum verður gert grein fyrir stöðu mála.

Sveitarstjórn Dalabyggðar

### Fjártölur vegna fjallskila

Byggðarráð samþykkir að sauðfjáreigendum verði gefinn kostur á að leiðréttu opinberar hausttölur miðað við afföll vetrarins áður en fjallskil verða lögð á.

Sauðfjáreigendur skulu hafa samband við fulltrúa í sinni fjallskilanevnd og tilkynna breytingar. Frestur til að skila inn breytingum er til 15. ágúst. Að öðrum kosti verða hausttölur 2014 notaðar við ákvörðun fjallskila.

### Húsvörður Tjarnarlundi

Starf húsvarðar í Tjarnarlundi er laust frá 1. september n.k.

Áhugasamir hafi samband við sveitarstjóra á skrifstofu Dalabyggðar.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur